



Alþingi  
b.t. Menntamálanefndar  
Alþingishúsinu  
150 Reykjavík

Bæjarráð Ölfus hefur kynnt sér frumvarp mennamálaráðherra um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjóra. Eftirfarandi umsögn var samþykkt í bæjarráði:

“Sveitarfélagið Ölfuss vill í eftirfarandi umsögn lýsa almennt ánægju sinni með þau frumvörp sem menntamálaráðherra hefur nú lagt fyrir á Alþingi um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Frumvörpin bera vitni um nýja og metnaðarfulla hugsun í skólamálum þar sem áhersla hefur verið lögð á að tryggja enn betur menntun, uppeldi og umönnun barna og unglinga. Hins vegar er ljóst að innleiðing frumvarpanna kemur til með að auka kostnað sveitarfélaga á ýmsum sviðum skólamála, svo sem við framkvæmd sérfræðipjónustunnar, við mat og eftirlit með skólastarfi en þar eru skyldur sveitarfélaga auknar til muna og um skyldur sveitarfélaga til að leitast við að tryggja túlkun til foreldra sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða nota táknmál. Sveitarfélagið leggur áherslu á að góð og náin samvinna milli menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga verði við að kostnaðarmeta frumvörpin, sbr. þær fyrirætlanir sem settar eru fram í fylgiskjölum með frumvörpum um leikskóla og grunnskóla. Afar mikilvægt er að góð niðurstaða fái sér samráðsferli í þágu sveitarfélaga og skiptir það sköpum við innleiðingu frumvarpanna að svo verði til að frumvörpin og markmið þeirra skili þeim árangri sem af þeim er ætlast.

Sveitarfélagið Ölfuss fagnar því viðtæka samráði sem haft var við hagsmunaaðila leik- og grunnskólamála meðan á samningu frumvarpanna stóð. Mikilvægt er að sem viðtækust sátt ríki um nýja löggjöf jafn mikilvægs málaflokks og menntamál eru.

Efnislega bera frumvörpin með sér að leitast hefur verið við að búa til löggjöf til hagsbóta fyrir þá sem njóta þjónustu skólanna, þ.e.a.s. nemendur og forráðamenn þeirra. Nánar og skýrar er kveðið á um réttindi og skyldur þessara aðila og búnað til leiðir til handa forráðamönnum til að gæta betur hagsmuna barna sinna. Þá sýna ýmis ákvæði frumvarpanna að í auknum mæli hefur einnig verið horft til hagsmuna starfsfólks skólanna, sérstaklega leikskólastigsins, og möguleikar einstakra sveitarfélaga til að móta eigið skólastarf með hliðsjón af aðstæðum heima fyrir auknir til muna frá því sem er í gildandi löggjöfum um skólastigin.

Leik- og grunnskólafrumvarpið fela í sér skilgreiningu á hugtakinu foreldri sem vísar til þeirra aðila sem fara með forsjá barns í skilningi gildandi barnalaga. Sveitarfélagið telur það gefa


tilefni til að skoðað verði með hvaða hætti unnt sé að auka réttarstöðu forsjárlausra foreldra í barnalögum og í væntanlegri löggjöf um skólastigin þrjú sem hér um ræðir. Má benda á það ef frumvarpið fer svona í gegn þá geta forsjárlausir foreldra t.d. ekki setið í stjórn foreldrafélags og ef þeir þurfa á túlkapjónustu að halda eiga þeir ekki rétt á henni.


Sveitarfélagið vill að lokum taka undir þau markmið sem endurspeglast í frumvarpi um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda og lúta að því að kennaramenntun er lengd og sérstaklega því að sambærilegar kröfur eru gerðar um lengd menntunar þeirra aðila sem hyggjast leggja fyrir sig kennslu á mismunandi skólastigum. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og hafa rannsóknir sýnt að tími mótunar og þroska sé mikill þegar börn eru á leikskólaaldri. Gera þarf þ.a.l. kröfur til þess að fagmenntun þess starfsfólks sem í leikskólum starfar sé síst minni en þeirra sem starfa á öðrum skólastigum. Áhersla á mikilvægi samfellu og samstarfs milli einstakra skólastiga endurspeglast jafnframt í þeirri kröfu að gera sambærilegar kröfur til kennara á öllum skólastigum. Leyfisbréf kennara eru útvíkkuð þannig að þau geta skarast milli skólastiga og er það vel.

Að öðru leyti leyfir sveitarfélagið sér að taka undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem nú þegar hefur verið send menntamálanefnd Alþingis.”

Þorlákshöfn 11. apríl 2008,

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Áki Ragnarsson  
bæjarstjóri



Afrit: Menntamálaráðherra